

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík.

Einstakir miðar, fullorðnir	kr.	6.00
Einstakir miðar, börn	—	3.00
10 miðar, fullorðnir	—	40.00
10 miðar, börn	—	13.00
10 miðar, aldraðir	—	20.00
Gufubað	—	11.00
Leiga á handklæðum og skýlum	—	5.00
Sundnámskeið, fullorðnir	—	125.00
Sundnámskeið, börn	—	90.00
10 miða kort 16 ára og eldri, sundfélög	—	14.00
10 miða kort yngri en 16 ára, sundfélög	—	7.00

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 252 12. maí 1981.

Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

17. júlí 1981.

Nr. 463.

REGLUGERÐ

um leyfi til váttryggingarstarfsemi og skráningu í váttryggingarfélagaskrá.

I. KAFLI

Umsókn um starfsleyfi.

1. gr.

Hver, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi hér á landi, skal sækja um starfsleyfi.

Leiki vafi á um, hvort sækja þurfi um starfsleyfi skv. lögum um váttryggingarstarfsemi og reglugerð þessari, sker tryggingamálaráðherra úr.

2. gr.

Starfsleyfi er bundið við ákveðnar váttryggingargreinar sbr. 4., 5. og 6. gr. og er óheimilt að reka váttryggingastarfsemi í öðrum greinum en veitt hefur verið leyfi fyrir.

Sérhvert félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka váttryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein váttrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi.

Starfsleyfi getur ekki yfir aðrar váttryggingargreinar, en þær sem rúmast innan tilgangs félags samkvæmt samþykktum þess.